



## Umsögn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Umsögn um tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um aukna viðveru hjúkrunarfræðings á skólatíma – R19030295*

**Forsaga:**

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Emblu Nóttar Pétursdóttur frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

*Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að auka viðveru hjúkrunarfræðinga í grunnskólum borgarinnar eigi síðar en skólaárið 2019-2020.*

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar velferðarsviðs og var það gert með bréfi dags. 29. mars 2019.

**Greinargerð:**

Heilsuvernd skólabarna er á vegum heilsugæslunnar og er framhald af ung- og smábarnavernd. Hjúkrunarfræðingar á heilsugæslustöðvum sjá um heilsuvernd skólabarna í þeim skólum sem tilheyra hverfi heilsugæslustöðvanna. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru:

- Fræðsla, forvarnir og heilsuefling
- Bólusetningar
- Skimanir (1., 4., 7. og 9. bekk)
- Viðtöl um lífsstíl og líðan
- Umsjón og eftirlit með umönnun langveikra barna innan skólans
- Ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans

Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Áherslan er á þjónustu við nemendur. Skólahjúkrunarfræðingar vinna í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi (<https://www.heilsugaeslan.is/thjonusta-stodvanna/heilsuvernd-skolabarna>).

Sérfræðingar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og Barnaverndar Reykjavíkur hafa átt gott samstarf við skólahjúkrunarfræðinga grunnskólanna, m.a. í gegnum fjölskylduteymi og fasta samráðsfundi. Ljóst er að þjónusta skólahjúkrunarfræðinga er

mikilvæg grunnskólanemum og eftirspurn er eftir þjónustu þeirra. Samkvæmt upplýsingum Ásu Sjafnar Lórens dóttur, fagstjóra heilsuverndar skólabarna, er eitt stöðugildi hjúkrunarfræðings á hverja 650 nemendur. Skólahjúkrunafræðingar eru starfsmenn heilsugæslunnar og ráðnir af henni. Í vetur hefur ekki tekist að manna að fullu allar stöður skólahjúkrunarfræðinga í sumum hverfum sökum starfsmannaskorts. Heilsugæslan hefur lagt áherslu á að auka gæði þjónustunnar með markvissri fræðslu til skólabarna og foreldra þeirra í takt við breytingar í samfélaginu. Á undanförunum árum hefur áhersla verið á fræðslu um geðheilbrigðismál og skimanir á kvíða.

Teikn eru á lofti um að andlegri heilsu ungmenna á Íslandi hafi hrakað á undanförunum árum. Í rannsóknum Rannsóknna og Greininga meðal allra unglina í grunnskólum landsins hefur komið fram aukning á einkennum kvíða og depurðar, einkum meðal stúlkna. Embætti landlæknis hefur staðið fyrir vöktun á nokkrum áhrifaþáttum heilbrigðis. Í þeirri vöktun hefur andleg líðan verið metin en árið 2016 mátu 36.2% einstaklinga á aldrinum 18-24 ára andlega heilsu sína annað hvort sæmilega eða lélega en árið 2007 var hlutfallið tæp 20%.

[https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32745/Talnabrunnur\\_Agust\\_2017.pdf](https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item32745/Talnabrunnur_Agust_2017.pdf)

#### ***Niðurstaða:***

Sérfræðingar þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar og Barnaverndar Reykjavíkur hafa átt gott samstarf við skólahjúkrunarfræðinga grunnskólanna, m.a. í gegnum fjölskylduteymi og fasta samráðsfundi. Ljóst er að þjónusta skólahjúkrunarfræðinga er mikilvæg grunnskólanemum og eftirspurn er eftir þjónustu þeirra. Ástæða er til að taka undir tillögu fulltrúa í ungmennaráði um mikilvægi þess að auka viðveru hjúkrunarfræðinga innan grunnskólanna en þeir eru nauðsynlegur hluti af þeirri þjónustu sem nemendum stendur til boða innan grunnskólanna.